

Kvikmynda-menningar og Kaupmannahafnaráfangi

Undanfari: Stúdentspróf í dönsku.

Valáfangi gefur 5 einingar.

Áfanginn er dreifnámsáfangi og skilgreining á hugtakinu er: Dreifnám er fjarnám í fag- og iðngreinum. Námið fer að mestu fram eins og hefðbundið fjarnám, í gegnum tölvupóst og á netinu. Nemendur þurfa að mæta í staðtíma 5 sinnum á önn.

Áfanginn er símatsáfangi sem metinn er út frá: 25% Kaupmannahafnarferð/ ritgerð, 50% verkefnaskil, 20 mætingu og virkni í staðtímum og 10% Log-bog. Verkefnum ber að skila á tilskyldum dagsetningum og mætingaskylda er í alla töflutíma nema annars sé sérstaklega getið.

Að loknum valáfanga hefur nemandi með stúdentspróf í dönsku frá málabraut MR hlotið samtals 15 einingar og af náttúrufræðibraut MR samtals 10 einingar. Námskeiðið er ætlað þeim nemendum sem hafa áhuga á að bæta þekkingu, leikni og hæfni á dönsku talmáli, danskri menningu og gildum ásamt orðaforða, ritun og skilningi. Námskeiðið er sérstaklega ætlað þeim sem hafa áhuga á frekari námi í Danmörku (og öðrum norðurlöndum) að loknu stúdentsprófi en að auki þeim, sem vilja bæta dönskukunnáttu sína almennt. Áfanga lýkur með menningarferð til Kaupmannahafnar á vorönn (ekki skylda). Þeir nemendur sem ekki velja menningarferðina skila ritgerð um efni sem kennarar gefa síðar upp. Hafi nemendur ætlað sér að lengja Kaupmannahafnarferðina þarf að liggja fyrir ástæða og eingöngu fæst með leyfi rektors MR.

- **Námsefni:** Valdar danskar kvikmyndir, danskir sjónvarpsþættir, danskar fréttir og fréttatengdir þættir, lestur smásagna, Íslendingaslóðir í Kaupmannahöfn m.m. Nemendur eiga nýta sér allar orðabækur við vinnslu verkefna og í tíma og æskilegt að nemendur noti ekki google translate heldur noti áunna þekkingu og kunnáttu í dönsku.
- **Markmið áfangans:** Samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla fyrir hæfniprep 3 (B2 í viðmiðum Evrópsku tungumálamöppunnar) kemur skýrt fram hversu mikla þekkingu, hæfni og leikni nemandi skal hafa aflað sér. Krafist er að að auki að nemandi sýni ma. skilning á grundvallaruppbyggingu danska þjóðfélagsins -viðhorfum og gildum í Danmörku og hvernig þau móta samfélagið-orðaforða, orðasambönd ásamt þverfaglegum orðaforða.
- **Kennsluhættir-vinnulag:** Nemendur vinna einstaklingsbundið og í hópum eftir eðli og umfangi verkefnisins.

Horfa- hlusta: Sýndar verða kvikmyndir, fréttabættir, annað efni, og ma. hlustað eftir samtölum, mismunandi málnotkun og skoðað það félagslega, menningarlega og landfræðilega umhverfi sem kynnt er.

Les- tala: Nemendur lesa almennt og sértækt efni sem varðar t.d. sögu Danmerkur, Íslendingaslóðir í Kaupmannahöfn, smásögur og efni tengt verkefnum áfangans. Nemendur halda munnlegar kynningar og tjá sig í þeim verkefnum sem þar er til ætlast.

Skrifa: Kvikmyndagagnrýni og önnur verkefni sem tengd eru námsefni áfangans m.m. Einnig eiga nemendur að skrifa dagbók í Kaupmannahöfn sem skila á 2 vikum eftir lok ferðarinnar.

Kennsluáætlun og námsfyrirkomulag

Nemendur eru í staðnámi 5 x 2 kennslustundir á önn, annað nám fer fram samkvæmt kennsluáætlun á Innu í fjarnámi. Verkefni vinna nemendur heima og skila á Innu á ákveðnum dagsetningum eða vinna verkefni í kennslustundum. Gera má ráð fyrir því að nemendur noti kennslustundir utan staðnáms í verkefni og verkefnaskil og er námsefnið því útbúið með hliðsjón af því. Það munu þó vera verkefni sem krefjast auka tíma. Kennari er til staðar á INNU eða Teams á töflutíma. Annars hafið þið samband við kennara í skilaboðum á INNU eða á pósthfangið laufeyjr.is. áfanginn er 3 kennslustundir á viku og gert er ráð fyrir þrjú tíma vikunnar í ritgerðarsmíð fyrir þá sem ekki fara til Kaupmannahafnar og hinsvegar Kaupmannahafnarferðin.

Verkefni áfangans

Nemendur skulu skila öllum verkefnum áfangans og er lægsta einkunn í tveimur 10% verkefnum eða fjórum 5% dregin frá símatseinkunn. Þannig er gert ráð fyrir forföllum og því engin sjúkrapróf eða lenging á skilafresti.

Hautönn 2024

- Smásagan Lotte ásamt verkefni 10% .
- Horfa á kvikmynd og gera kvikmyndagagnrýni 10% *.
- Horfa á fræðsluþættina "Á íslendingaslóðum Kaupmannahafnar. Skriflegar kynningar á dönsku úr þáttunum 10% *.
- Munnleg endursögn á fréttatengdu efni á dönsku 10% og íslensku 5%, skilað á Innu.
- Lesskilningsverkefni á INNU úr smásögu á dönsku 10% og íslensku 5%, skila á Innu.
- Log-bog. Skrifa ca 100 orð í hverri viku um vinnu varðandi dönsku valið, hluti af námseinkunn.

Vorönn 2025

- Danskir háskólar, önnur menntun í Danmörku. Hópavinna með munnlegri kynningu 10%*.
- Smásaga lesin ásamt verkefni 10% *.
- Horfa á kvikmynd og gera kvikmyndagagnrýni 10%*.
- Atvinnuumsókn í Danmörku. Skila á Innu 5% munnleg og 5% skrifleg.
- Kaupmannahöfn, 24-28 mars 2025 / Skil á ritgerð fyrir þá sem ekki fara til Kaupmannahafnar 20%.
- Skila Log-bog. Skrifa 100 orð í hverri viku um vinnu varðandi valið. Einnig skrifa dagbók í Kaupmannahöfn. Hluti af námseinkunn.

Áríðandi fyrir þá sem ekki ætla til Kaupmannahafnar!!!!

Þeir sem ætla sér ekki til Kaupmannahafnar skulu láta vita í upphafi annar. Þeir þurfa þess í stað að skila heimildaritgerð (1500-2000 orð) sem er vel unnin, á sjálfstæðan og upplýsandi hátt. Ritgerðin gildir 25% af heildar símatseinkunn áfangans. Til ritgerðarinnar eru áætlaður tími sem samsvarar 15-20 kennslustundum. Kennari gefur upp efni. Nemendur eru skyldugir að mæta í alla tíma og leysa öll verkefni þó svo að þau tengist Kaupmannahafnarferðinni.

Kennari

- Laufey Jóhannsdóttir

Kennarar áskilja sér rétt til breytinga á námsefni áfangs.